



Fjárfestakynning

1H 2025

Okkar hlutverk er að þróa
tækifæri með langtíma
verðmætasköpun að leiðarljósi

1H 2025

Mikilvægir áfangar á markaðri leið

Orkan, Lyfjaval og
Samkaup sameinuðust
í Dröngum hf.

SKEL keypti 10%
hlutafjár í SÝN á
genginu 22,6 kr.

Kaldalón keypti
Suðurhraun 4-6

SKEL seldi 15,4% hlut í
Styrkási til
stofnanafjársfesta

Sala íbúða við
Stefnisvog hófst

VÍS leiddi vöxt á
tryggingamarkaði

Baridi Iceland hf. lauk
hlutafjárauðningu til að
fjármagna uppbyggingu

Helstu verkefni fyrri árshelmings

Fyrirætlanir sem kynntar voru á fyrsta ársfjórðungi



„SKEL mun bjóða 10-15% hlutafjár í Styrkás til sölu til hornsteinsfjárfesta. Markmiðið er að félagið teljist ekki dótturfélag SKEL og laða að langtímafjárfesta“



„Orkan færir út kvíarnar“ og „Orkan 2.0“ stofnuð sem samstæða á neytendamarkaði



„Stork hefur ráðið Arion banka til að kanna grundvöll aukningar hlutafjár þar sem leitað verður að nýjum fjárfestum inn í vel skilgreinda vegferð með tiltekin verkefni á borðinu“



„Áherslur SKEL og AoS í rekstri INNO miðast við að félagið bæti upplifun viðskiptavina með endurbótum á verslunum og auki arðsemi með aukinni áherslu á eigin vörumerki“



„Viðræður eru í gangi við aðila sem hafa sýnt áhuga á að kaupa Gallon“



„SKEL mun hefja sölu íbúða á árinu eftir því sem leigusamningar renna út og markaðurinn er í stöðu til að taka á móti þeim“

Niðurstaða fyrri árshelmings



SKEL seldi 15,4% hlutafjár Styrkás til lífeyrissjóða og annarra stofnanafjárfesta á bókfærðu virði



Drangar hf. stofnað og er eigandi Orkunnar, Löðurs, Samkaupa og Lyfjavalis



Enn er unnið að tilteknum viðskiptum sem gætu raungerst og yrðu þá kynnt fjárfestum



Jákvæður rekstrarviðsnúningur á milli ára sem byggist á rekstraraðhaldi og áherslu á að byggja upp sölu á eigin vörumerkjum (e. Private Label)



Viðræður við fleiri en einn aðila hafa ekki leitt til niðurstöðu ennþá



16 íbúðir hafa verið seldar í kringum bókfært verð. Markaður með nýbyggingar tregari en búist var við

Tap tímabilsins

559_{m.kr.}57_{ma.kr.}

Heildareignir

37_{ma.kr.}

Eigið fé

1,1_{ma.kr.}

Afkoma óskráðra eigna

3,7_{ma.kr.}Handbært fé og
ríkisskuldabréf

82%

Eigna metnar út frá
nýlegum viðskiptum eða
með þekkt markaðsverð(1,7)_{ma.kr.}

Afkoma skráðra eigna

Heildareignir
56.663 m.kr.

25% Neytendamarkaður	17% Fyrirtækjamarkaður		12% Erlendar eignir
	7% Handbært fé og ríkis-skuldabréf	6% Innviðir	5% Fjármálamarkaður
24% Fasteignir			5% Annað

Mikilvægir áfangar
Uppbygging samstæðu á
smásöllumarkaði

Drangar – samstæða á neytendamarkaði

- Drangar er nýr áskorandi á smásöllumarkaði með sterka markaðshlutdeild í sölu á matvöru, lyfjum, orku og bílaþvotti
- Félög sem mynda Dranga eru með djúpar rætur í þjónustu við viðskiptavinum um allt land og verða kraftmiklir keppinautar við núverandi smásölukeðjur á markaði með töluverð tækifæri til frekari vaxtar
- Það er ljóst að það þarf að ná viðsnúningi í matvöruhluta samstæðunnar svo að sameinað félag verði í farsælum rekstri. Náist það hafa Drangar alla burði til að leysa úr læðingi töluverð verðmæti
- Hagræðingaraðgerðir sem ráðist hefur verið í hafa nú þegar skilað árangri og munu gera það áfram næstu mánuði
- Samhliða hagræðingaraðgerðum verður sótt nýtt hlutafé fyrir a.m.k. 2.000 m.kr. til að efla fjárhagsstöðu og samkeppnisstöðu samstæðunnar

Virði Dranga eftir samruna

Eiginfjárvirði	19.323 m.kr.
Heildarvirði (EV)	27.339 m.kr.
EV/EBITDAaL ¹⁾ 2024	13,9x
EV/EBITDAaL 2025	10,3x

1) EBITDAaL (e. EBITDA after lease) er EBITDA félagsins að frádregnum leigugreiðslum

- Drangar eru eigandi að öllu hlutafé Orkunnar og Lyfjavals, en tæplega 99% hlutafjár Samkaupa. Unnið er að kaupum eða innlausn eftirstandandi hluta í Samkaupum svo að eignarhald Dranga verði 100% í öllum félögum. Umrædd félög eiga einnig eignarhlut í öðrum félögum og stunda rekstur undir mörgum vörumerkjum
- Allt kaupverð var greitt með nýju hlutafé útgefnu af Dröngum og lítur hluthafalisti Dranga svona út eftir viðskiptin sem kláruðust þann 18.7.2025:

Hluthafi	Eignarhlutur
Skel fjárfestingafélag hf.	68,3%
Kaupfélag Suðurnesja	15,0%
Birta lífeyrissjóður	5,3%
Festa - lífeyrissjóður	2,9%
Kaupfélag Borgfirðinga	2,8%
Norvik hf.	2,5%
Eignarhaldsfélagið Bjarmi ehf.	1,8%
Aðrir hluthafar	1,4%
Samtals	100%

- Eignarhaldsfélagið Bjarmi er að fullu í eigu SKEL og átti fyrir viðskiptin 6,2% hlut í Samkaupum
- Eftir viðskiptin eru enn tæplega 100 smærri hluthafar í Samkaupum sem eiga samanlagt um 1,4% hlut í félaginu. Þeim verður öllum boðið að selja bréfin sín á sömu kjörum og stærri hluthöfum Samkaupa. Að öðrum kosti muni þeir sæta innlausn. Samanlagður eignarhlutur þeirra í Dröngum verður um 0,4%
- **Hluthafar ætla að skrá félagið í Kauphöll fyrir árslok 2027**

Félag í vexti með mikla dreifingu um land allt

Heimili


Félagið rekur nú 69 matvöruverslanir víðsvegar um landið undir mismunandi vörumerkjum. Verslanir félagsins hafa boðið viðskiptavinum hagstæð verð og umtalsvert vöruúrval. Markmið félagsins er að einfalda framboð vörumerkja og búa til skýrari sérstöðu. **Nettó** mun leggja áherslu á vöruúrval og þjónustu á meðan **Prís** mun áfram einblína á lægsta mögulega verð. Með þessari tvíþættu nálgun einblínir félagið á ólíka markhópa og nýtir styrkleika sína. Drangar eru með þéttasta útsölunet landsins og það er tækifæri í því að nýta það betur og skapa betri upplifun viðskiptavina sem aftur ýtir undir tryggð þeirra.

Farartæki

Markmið Orkunnar er að bjóða bestu þjónustuupplifunina á sjálfsafgreiðslustöðvum með því að leggja áherslu á lágt verð, einföldun ferla og snjallar lausnir. Orkan rekur 73 fjölorkustöðvar um land allt og er eina fyrirtækið sem býður upp á fimm orkugjafa fyrir ökutæki. Löður rekur bílþvottastöðvar á 12 staðsetningum og er leiðandi á markaði í bílþvotti.

Heilsa

Lyfjaval leggur metnað í að bjóða viðskiptavinum sínum lyf á lágmarksverði, þar sem fagmennska, heiðarleiki og nærgætni við viðskiptavinum er í fyrirrúmi. Sérstaða Lyfjaval er bílálúguapótek og er Lyfjaval eina apótekið sem er með opið allan sólahringinn. Lyfjaval er á 8 staðsetningum á Suðvesturhorni landsins. Það er mat Dranga að í þessum hluta starfseminnar séu tækifæri til innri og ytri vaxtar.





Hlutverk og markmið

Hlutverk Dranga er að vera bakhjarl rekstrareininga með áherslu á samlegð, sjálfbærni og einfaldleika. Markmiðið er að skila einföldum, skilvirkum og arðbærum rekstri í öllum starfseiningum. Stefnt er að bæði innri og ytri vexti félagsins með það að leiðarljósi að skrá Dranga á skipulegan markað í Kauphöll Íslands fyrir árslok 2027.



Starfsmenn og menning

Framtíðarsýn Dranga er að vera fyrsta val á markaði sem á einnig við um starfsfólk og mun félagið því leggja ríka áherslu á ánægju og vellíðan starfsfólks. Skýr framtíðarstefna leiðir til virðisaukandi starfa þar sem starfsfólk er virkur þátttakandi í að móta jákvæða vinnustaðamenningu.




Viðskiptavinurinn í forgrunni

Drangar er leiðandi fyrirtæki á neytendamarkaði með áherslu á ánægju viðskiptavina, og hagkvæman og arðbæran rekstur með einföldum og snjöllum lausnum að leiðarljósi. Þarfir viðskiptavinarins eru í forgrunni og er markmiðið að gera upplifun hans eins jákvæða og hægt er.

Sundurliðun heimilisútgjalda¹ (%)

- Matur og drykkjarvörur
- Áfengi og tóbak
- Lyf og lækningavörur
- Bensín og olíur
- Föt og skór
- Húsgögn og heimilisbúnaður
- Heilbrigðisþjónusta
- Ferðir og flutningar annað
- Póstur og sími
- Tómstundir og menning
- Menntun
- Hótel og veitingastaðir
- Aðrar vörur og þjónusta



Félög Dranga ná yfir helstu flokka heimilisútgjalda eða ~33 % af neyslukörfunni



~22% Matur og drykkjarvörur



~4% Áfengi og tóbak



~5% Bensín og olíur



2% Lyf og lækningavörur

1) Gögnin byggja á vægi vísitölu neysluverðs (M7 2025) frá Hagstofunni og hefur húsnæðisliður verið undanskilinn

Skýr forysta

Auður Daníelsdóttir forstjóri Dranga

- Auður Daníelsdóttir tók við starfi forstjóra Orkunnar árið 2022 eftir að hafa starfað sem framkvæmdastjóri hjá Sjóvá í um 20 ár
- Auður mun gegna starfi forstjóra Dranga og mun einnig leiða áfram vegferð Orkunnar


Eftirtektarverður árangur

Frá því að Auður hóf störf hjá Orkunni hefur:

- EBITDA félagsins **meira en tvöfaldast** (2022-2024)
- Seldum lítrum hefur fjölgað um rúmlega **8%**
- Rekstur Löðurs batnað umtalsvert og áskrifendur orðnir **7.300** talsins
- Félagið hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir góða stjórnarhætti, verið hástökkvari Íslensku ánægjuvogarinnar 2x og fengið viðurkenningu jafnvægisvogarinnar 3x
- Orkan er Fyrirtæki ársins í annað sinn árið 2025 hjá VR auk þess að vera í fyrsta sæti á lista yfir frábæra vinnustaði á Íslandi frá Great Place To Work



Auður Daníelsdóttir
Forstjóri




Rekstur 1H 2025

SKEL



Heimili

- Rekstur Samkaupa og Atlögu hefur mætt áskorunum og hvorugt félag náð árangri í takt við áætlanir
- Tekjur fyrstu sex mánuði ársins námu 23,9 ma.kr., sem er 6,9% aukning frá sama tímabili fyrra árs
- Framlegð fyrstu sex mánuði ársins nam 5,8 ma.kr. sem samsvarar 24,7% framlegðarhlutfalli
- Á fyrri hluta árs var opnuð ný Nettó verslun á Selfossi og hefur salan farið vel af stað. Einnig var Iceland verslun í Vesturbergi lokað
- Þrís heldur stöðu sinni sem ódýrasta matvöruverslunin á Íslandi, sem styrkir samkeppnisstöðu félagsins
- Sem hluti af endurskipulagningu og sameiningu félaganna má búast við einskiptisgjaldfærslum á fyrri árshelmingi



Farartæki

- Rekstur Orkunnar og Löður gengur vel og var EBITDAaL 9,6% umfram áætlun fyrstu sex mánuði ársins án tillits til einskiptisliða vegna samruna
- Framlegð og aðrar tekjur á fyrri árshelmingi 2025 námu 2.893 m.kr.
- Afgreiðslur á þjónustustöðvum aukast um 10% á milli ára og lítrar um 2,3%
- Hraðhleðslustöðvar eru nú orðnar 16 og áfram er stefnt á að þær verði 20 talsins í árslok
- Áskrifendum hjá Löðri heldur áfram að fjölga og eru áskriftir nú fleiri en gert var ráð fyrir í árslok 2025
- Ný þvottastöð á Lambhagavegi opnaði í maí en lokað var í júlí á Skúlagötu og í Bæjarlind eins og áætlanir höfðu gert ráð fyrir



Heilsa

- Nýr framkvæmdastjóri, Rakel Þórhallsdóttir, hóf störf hjá Lyfjaval í sumar
- Rekstur Lyfjaval gengur ágætlega og voru framlegð og aðrar tekjur 653 m.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins, en það samsvarar tæplega 13% hækkun frá fyrra ári
- EBITDAaL félagsins var 63,5 m.kr. á fyrri árshelmingi 2025
- Lyfjaval opnaði nýtt apótek á Selfossi í febrúar á þessu ári og hefur sala farið vel af stað
- Tækifæri eru í því að fjölga staðsetningum apóteka með því að nýta þétt útsölunet Dranga

Samstæða
2025Á

Framlegð og aðrar tekjur
19.969 m.kr.

EBITDAaL
3.034 m.kr.

Virði eigin fjár (70,1%) ¹⁾
13.729 m.kr.

Aðferðafræði verðmats

Viðskiptaverð

1) Inniheldur eignarhlut SKEL í eignarhaldsfélaginu Bjarma ehf.

Aðgerðir í matvöruhluta

Markmiðið að bæta afkomuna um 2,5 - 3 ma.kr. á næstu 2 árum


 Innkaup og rýrnun	Áhersla á gott samstarf við alla helstu lykilbirgja félagsins. Greiningar ráðgjafa hafa sýnt að mögulegt er að hagræða talsvert í innkaupum á matvöru. Breyttar áherslur í sérvöru munu einnig skila aukinni framlegð. Þá verður farið í aðgerðir til að stemma stigu við rýrnun sem hefur verið mjög há.	Áætluð áhrif á ársgrundvelli 1.200-1400 m.kr.
 Lækkun kostnaðar	Töluverð tækifæri eru í lækkun kostnaðar og hafa hagræðingaraðgerðir nú þegar skilað árangri. Fækkun stöðugilda, einföldun skipurits, samræming þjónustusamninga, samnýting á innviðum og tæknilausnum eru allt atriði sem munu styðja við lækkun kostnaðar á næstu mánuðum og fram til loka árs 2026.	600 m.kr.
 Einföldun rekstrar	Áhersla á að einfalda rekstur þ.m.t. fækka vörunúmerum og birgjum. Þeim verslunum sem hafa verið í taprekstri verður ýmist lokað eða rekstarformi breytt. Vefverslun með matvöru hefur verið lokað en hún var rekin í tapi. Stefnt er að því að fjölga Prís verslunum á höfuðborgarsvæðinu.	500 m.kr.
 Bætt upplifun viðskiptavina	Farið verður í fjárfestingar sem snúa að því að bæta upplifun viðskiptavina ekki síst með því að bæta ásýnd verslana. Vöruvantanir hafa verið allt of algengar og hefur nú þegar verið ráðist í átak til að lágmarka þær. Áætlað er að slíkar aðgerðir muni hafa jákvæð áhrif á veltu félagsins á næstu árum.	300 m.kr.

Áætlun Dranga

	2024	2025	2026
Tekjur	74.706	78.676	79.599
KSV	56.925	59.333	59.405
Framlegð	17.781	19.343	20.194
Aðrar tekjur	965	626	629
Framlegð og aðrar tekjur	18.746	19.969	20.822
Laun og launatengd gjöld	-9.072	-9.165	-8.202
Húsaleiga og húsnæðisk.	-2.849	-3.376	-3.383
Annar kostnaður	-4.918	-4.395	-4.052
Rekstrargjöld samtals	-16.839	-16.936	-15.637
EBITDAaL	1.907	3.034	5.185
EBITDAaL%	2,6%	3,9%	6,5%
Hagar	EBITDAaL%	6,5%	
Festi	EBITDAaL%	7,2%	
<i>Helstu forsendur</i>			
Tekjuvöxtur		5,3%	1,2%
Framlegðarhlutfall	23,8%	24,6%	25,4%

- Stjórnendur hafa unnið drög að áætlun Dranga. Áætlunin er enn í vinnslu og hefur ekki verið samþykkt af stjórn félagsins
- 2024 byggir á samanlögðum ársreikningum félaganna Samkaupa, Atlögu, Lyfjavalis og Orkunnar en leigugreiðslur hafa verið færðar undir rekstrargjöld
- 2025 tölur byggja á rauntölum fyrir fyrstu sex mánuði ársins og aðlagðri áætlun fyrir síðari árshelming. Ekki er tekið tillit til einskiptisgjaldfærslna vegna endurskipulagningar matvöruhluta á árinu 2025. Þær færslur geta bæði haft áhrif á KSV, kostnaðarliði og ekki síst afskriftir
- 2026 tölur taka mið af fyrirætlunum stjórnenda varðandi breytingu á rekstri, hagræðingaraðgerða, samlegðaráhrifa, lokun verslana o.fl.

Skipting tekna Dranga 2026



Áskorandi á smásölumarkaði

Fjölbreyttir vaxtarmöguleikar skapa Dröngum sérstöðu

Vöxtur

Sameinað félag er sérstaklega vel í stakk búið til **ytri vaxtar** með kaupum eða sameiningum við önnur smásölufyrirtæki.

Innri vaxtarmöguleikar eru talsverðir, m.a. með **bættum rekstri** Samkaupa og útvíkkun á starfsemi Lyfjavalis.

Tekjustoðir

Matvara og eldsneyti verða mest áberandi til að byrja með. Félagið er í góðri stöðu til að búa til vel dreifða tekjusamsetningu með hnitmiðuðum sameiningum. Eldsneyti nemur 30% af tekjum félagsins 2024 og ráðgert er að það hlutfall lækki með frekari vexti félagsins.


Neytandi

Sameinað félag verður eitt öflugasta fyrirtæki landsins á matvörumarkaði, í lyfsölu og eldsneyti, með öflugt net afgreiðslustöðva um land allt þar sem **viðskiptavinurinn** og þarfir hans verða í forgrunni.

Skráning

Stefnt að skráningu félagsins fyrir árslok 2027. Það skapar tækifæri fyrir fjárfesta að taka þátt í umbreytingarvegferð félagsins.

Samanburður tekna 2024 Ma.kr.¹



1) Tekjur Haga miðast við fjárhagsárið 2024/2025. Lyfja kemur inn í rekstur Festis eftir Q2 2024.

Hlutfjáráukning Dranga

Helstu upplýsingar hlutfjáráukningar og næstu skref

- Hlutfjáráukning Dranga hefst í september og gert er ráð fyrir að henni ljúki á fjórða ársfjórðungi 2025
- Hlutfjáráukningin verður nýtt til að efla fjárhagsstöðu samstæðunnar og til að efla samkeppnis- og fjárhagsstöðu Samkaupa
- Drangar hafa ráðið fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka sem umsjónaraðila verkefnisins og fyrirtækjaráðgjöf Fossa sem söluráðgjafa
- Íslandsbanki hefur veitt sölutryggingu á hlutafé í Dröngum að fjárhæð 2.000 milljónir króna
- Skráning Dranga í Kauphöll Íslands verður árið 2027 að öðru óbreyttu
- Áhugasamir fagfjárfestar geta sett sig í samband við við drangar@islandsbanki.is eða fr@fossar.is



Mikilvægir áfangar
Fyrirtækjamarkaður
og innviðir


SKEL selur 15,4% hlut í Styrkás

- SKEL seldi hópi stofnanafjárfesta 15,4% hlutafjár í Styrkási
- Salan var liður í **yfirlýstu markmiði SKEL um** að fá hornsteinsfjárfesta inn í hluthafahóp Styrkáss í aðdraganda skráningar og að Styrkás yrði ekki í meirihluta eigu SKEL til lengri tíma
- Kaupverð hlutafjár var 3.150 m.kr. sem samsvarar genginu 20,47 kr. á hlut og miðast það við bókfært virði eignarhlutar SKEL í Styrkás í síðasta uppgjöri
- Að loknum viðskiptunum eru um 20 stofnanafjárfestar hluthafar í Styrkási sem veitir félaginu aðgang að hópi fjárfesta sem geta stutt við félagið í frekari vexti og myndað festu í hluthafahópi félagsins á markaði
- Styrkás gaf út sína fyrstu árs- og sjálfbærniskýrslu í apríl s.l. og veitir skýrslan innsýn í bæði fjárhagslegan árangur og áherslur í sjálfbærnistarfi samstæðunnar
- Skýrsluna má nálgast hér: [Árs- og sjálfbærniskýrsla Styrkás](#)



Ný starfsstöð Stólpa við Gullhelli

Hluthafahópur Styrkás



„Uppbygging á þjónustufyrirtæki við atvinnulífið“



Samstæða
2025Á

Framlegð

10.484 m.kr.

EBIT¹⁾

2.294 m.kr.

Virði eigin fjár (47,9%)

9.819 m.kr.

Aðferðafræði verðmats

Viðskiptaverð

1H 2025

- Rekstrarhagnaður samstæðunnar (EBIT) á 1H 2025 nam 1.153 m.kr. sem er 4% aukning á milli ára en 3% undir áætlun tímabilsins
- Áætlun samstæðunnar er óbreytt og gerir ráð fyrir að EBIT verði 2,3 ma.kr.
- Nettó vaxtaberandi skuldir samstæðu námu samtals 3,3 ma.kr. í lok júní 2025
- Þjónustutekjur samstæðunnar jukust um 14% á milli ára og leigutekjur um 11%

1H 2025 frh.

- Afkoma Skeljungs er umfram væntingar, aukin sala og rekstrarkostnaður lægri
- Afkoma í þjónustu Kletts er undir væntingum vegna áskorana við öflunar sérhæfðs starfsfólks á sama tíma og ábyrgðaviðgerðir aukast vegna mun meiri sölu tækja s.l. 2 ár
- Talsverður tekjuvöxtur er milli ára hjá Stólpa og rekstrarhagnaður í takt við áætlun og unnið er að umfangsmiklum verkefnum

Áherslur

- SKEL seldi 15,4% hlut í Styrkás til innlenda stofnanafjárfesta í júní fyrir samtals 3.150 m.kr.
- Áreiðanleikakönnunum á Hringrás er lokið. Væntingar eru um niðurstöðu í þeim viðskiptum á seinni árshelmingi
- Verðvæntingar á markaði með sambærileg félög hafa farið hækkanði. Niðurstöðum viðræðna í öðrum málum hefur ekki lokið með viðskiptum undanfarin misseri
- Það gengur vel að koma félaginu í skráningarhæft ástand. Innra skipulag og upplýsingakerfi hafa tekið góðum framförum og áhugi markaðsaðila hefur verið umtalsverður

„Innviðafélag á orkumarkaði“



36
birgðatankar



90m
geymslurými (lítrar)



2025Á

Tekjur
629 m.kr.

EBIT
163 m.kr.

Virði eigin fjár
3.418 m.kr.

Aðferðafræði verðmats

Verðmat frá
þriðja aðila

Rekstur 1H 2025

M. kr.	Raun ¹⁾	Áætlun
Tekjur	270	282
EBITDA	130	122
EBIT	30	47

Rekstur

- Birgðatankar félagsins eru 36 talsins og geymslurými fyrir um 90m lítra af eldsneyti
- Tekjur félagsins á fyrsta helmingi ársins voru í takt við áætlanir og yfir fyrra ári
- Meðal nýting tankanna í Reykjavík á fyrstu 6 mánuðum ársins var 27% og mesta nýtingin í júlí var 43%
- Virði eigin fjár hækkar um 63 m.kr. frá 31.12.2024 Gallon hefur greitt út 100 m.kr. í arð á fyrri árshelmingi og mun greiða aðrar 100 m.kr. á seinni árshelmingi

Framtíðaráform

- Viðræður hafa átt sér stað við nokkra aðila sem hafa sýnt áhuga á að kaupa félagið í heild eða hluta
- Breyttar áherslur eigenda helsta samkeppnisaðila Gallon hafa áhrif á hagsmunamat okkar og mögulegra kaupanda
- Til framtíðar eru tækifæri í hagræðingu á markaði, rafeldsneyti og auknum umsvifum á norðurslóðum

1) Samkvæmt drögum að uppgjöri.



Mikilvægir áfangar Skráðar eignir

Skráðar eignir



- Grunnrekstur Skaga er á góðu skriði, drifið af mestu af hröðum vexti og sterkri afkomu VÍS síðustu fjórðunga
- Besti fjórðungur** tryggingastarfsemi VÍS frá skráningu
- Tekjur af tryggingastarfsemi uxu um 9,9%
- Hreinar tekjur af fjármálaþjónustu vaxa um 58% á milli ára, en félagið þarf að ná betri tökum á afkomu af þeirri starfsemi
- Eignir í stýringu námu 232 ma.kr. í lok fyrri árshelmingi 2025
- Hreyfingar á fjármálamarkaði geta leitt til áhugaverða valkosta fyrir samstæðuna og hluthafa
- Virði 8,23% hlutar er 2.880 m.kr. miðað við 30.6.2025 en þá var gengið 18,35 kr. á hlut**

	Q2 2025	2026 markmið
Hagnaður á hlut	2,04	2,5
Eignir í stýringu	232 ma.kr.	250 ma.kr.
Hreinar tekjur af fjármálastarfsemi	2,9 ma.kr.	4,0 ma.kr

KALÐALÓN

- Fjárfestingareignir félagsins námu 76,4 m.kr. í lok Q2 og er félagið í vaxtarfasa. Félagið keypti Suðurhraun 4-6, samtals 9.150 m² fyrir 2,7 ma.kr. á Q2. Innri vöxtur er í framkvæmdarverkefnum á vegum félagsins
- Félagið gaf út markaðsskuldabréf fyrir samtals 4.800 m.kr. á 1,05-1,28% álagi á fyrsta árshelmingi 2025
- Félagið er hóflega skuldsett og var veðsetningarhlutfall 56% í lok Q1. Talsverð tækifæri eru fólgin í endurfjármögnun skulda félagsins á þeim kjörum sem því hefur boðist
- Félagið hóf endurkaup. Skv. stefnu félagsins munu greiðslur til hluthafa með endurkaupum og arðgreiðslum hefjast 2026
- Virði 15,76% hlutar er 3.729 m.kr. miðað við 30.6.2025, en þá var gengið 21,8 kr. á hlut**



Mikilvægir áfangar Erlendar eignir

Erlendar eignir

Stork

- Áður var greint frá því að félagið hafði ráðið Arion banka til að kanna grundvöll hlutafjárukningar á næstu mánuðum þar sem leitað yrði að nýjum fjárfestum inn í vel skilgreinda vegferð með tiltekin verkefni á borðinu
- Mikið framboð er af áhugaverðum fjárfestingatækifærum sem eru í stöðugri skoðun hjá félaginu
- Áfram verður lögð áhersla á fjárfestingatækifæri í Evrópu með áherslu á neytendamarkað

INNO

- Áherslubreytingar hafa orðið í rekstri félagsins og eru nú þegar farnar að skila árangri. Ný nálgun eigenda hefur leitt til jákvæðra breytinga á fyrirtækjamenningu sem stuðlar að hraðari ákvarðanatöku og markvissari framkvæmd
- Aukin áhersla frá kaupum hefur verið lögð á „In-House brands“ sem skila hærri framlegð og vikkar vöruframboð
- Áætlanir félagsins fyrir rekstrarárið 24/25 gera ráð fyrir að EBITDAaL aukist um ~44% og verði um 14 EUR m.

ICE JV ehf.

- Félagið hefur hafið kynningarstarfsemi á vörum Iceland fyrir erlendum innkaupaaðilum og er almennt vel tekið

Virði Stork í bókum SKEL að meðtöldum lánum er **2.393 m.kr.** miðað við 30.6.2025 sem samsvarar **140 m.kr.** hækkun frá áramótum

Baridi Iceland

- Félagið lauk USD 7m hlutafjárukningu á 1H 2025 þar sem fjárfestahópurinn samanstóð af bæði íslenskum og erlendum einkafjárfestum
- Að lokinni hlutafjárukningu er eignarhlutur SKEL í Baridi Iceland 31,8%
- Hlutafjárukningin mun fjármagna framkvæmdir vegna koparvinnslu félagsins
- Áætlanir gera er ráð fyrir því að koparvinnslan verði komin í gagnið 2026
- Rekstur Baridi Group í Tansaníu skilaði hagnaði árið 2024 upp á 689 þúsund USD. Handbært fé félagsins nam 265 þúsund USD í lok árs 2024
- Samfélagslegar áherslur Baridi eru gagnvart starfsmönnum og að hafa jákvæð áhrif á tansanískt samfélag. Baridi Future Foundation hefur byggt skóla í Tansaníu

Virði Baridi í bókum SKEL er **2.181 m.kr.** miðað við 30.6.2025 sem samsvarar **1.650 m.kr.** hækkun frá áramótum og miðast það við verð hlutafjár í nýafstaðinni aukningu

Two seashells are positioned on the left and right sides of the slide, partially visible and slightly out of focus. They have a light, textured appearance with concentric ridges. The background is a solid dark blue.

Fasteignir og aðrar eignir

Stefnisvogur

SKEL

Íbúðir í Stefnisvogi

- SKEL keypti í heildina **105 íbúðir** að Stefnisvogi 2-36
- Fyrri hlutinn, sem telur 55 íbúðir að Stefnisvogi 2-26, er í útleigu og eru 42 íbúðir leigðar út í lok júní 2025
- Seinni hlutinn sem telur 50 íbúðir að Stefnisvogi 28-36, hefur verið auglýstur til sölu. Í lok júlí 2025 hafa verið seldar 16 íbúðir
- SKEL mun halda áfram söluferli íbúða með áherslu á Stefnisvog 28-36. Sjá nánar hér:
 - <https://stefnisvogur28-36.is/>
- Virði fasteigna í Stefnisvogi þann 30.6.2025 m.v. ásett verð er 9,2 ma.kr. Fasteignasafnið taldi þá 92 fasteignir við Stefnisvog
- Skuldir á móti fasteignum í Stefnisvogi nema 6,7 ma.kr.

Aðrar fjárfestingar

Orkufelagið Sp/f

Fjárfesting 740 m.kr.

- Á fyrri árshelmingi var klárað samkomulag um skuldajöfnun á þremur seljendalánum sem SKEL hafði veitt fjárfestum í Orkufélaginu. Fjárfestarnir afhentu eignarhluti í Orkufélaginu til SKEL gegn uppgreiðslu lána
- Í kjölfarið á SKEL 20% hlut í Orkufélaginu og nemur bókfært virði 740 m.kr. SKEL á ekki frekari kröfur eða eignir tengdar Orkufélaginu
- Rekstur félagsins gengur ágætlega. EBTIDA á 1H 2025 var DKK 48,5m sem er nokkuð umfram 1H 2024 en þá var EBITDA DKK 44,7m
- Skv. hluthafasamkomulagi þá er stefnt að skráningu félagsins á skipulagðan verðbréfamarkað og mun SKEL beita sér fyrir því til að stuðla að auknum seljanleika og betri verðmyndun
- Eignarhluturinn er til sölu



Fjárfesting 564 m.kr.

- SKEL keypti 10% hlut í SÝN fyrir 564 m.kr. sem samsvarar genginu 22,57 kr. á hlut
- Út frá þeim upplýsingum sem félagið gefur frá sér er erfitt að átta sig á afkomu einstaka rekstrareininga og fjárfestingarþörf, æskilegt væri að bæta úr því
- SKEL telur ákveðin tækifæri vera til staðar í félaginu sem vert er að gefa frekari gaum
- Einfalda þarf fjölmiðlahluta rekstrar með áherslu á arðbærar einingar og arðbæra dagskráliði. Annað ætti að leggja af. Arðbærar einingar eiga síðan heima í stærri einingu, hvort sem það er gert með sölu eða kaupum á öðrum slíkum einingum
- Þessar aðgerðir munu stuðla að tvennu, (i) einfalda fyrirtækið og draga úr kostnaði eða (ii) gefa skráðu fyrirtæki og sterku vörumerki frekara svigrúm til vaxtar

Aðrar fjárfestingar



Fjárfesting 225 m.kr.

- First Water vinnur að uppbyggingu landeldis á laxi
- Félagið starfrækir seiðaeldisstöð við Hveragerði og áframeldisstöð við Þorlákshöfn
- Félagið hefur lokið umhverfismati og hefur öðlast öll leyfi til að ala árlega um 8 þúsund tonn af laxi, en markmið félagsins er að framleiðslugeta félagsins verði á endanum um 50 þúsund tonn á ári
- Stefna að því að skrá félagið á aðalmarkað Kauphallarinnar árið 2026
- SKEL fjárfesti í félaginu fyrir 225 milljónir króna á árinu 2023 og tók þátt í hlutfjárukningu í mars 2025 fyrir 50 m.kr.
- Bókfært virði félagsins miðað við gengið í hlutfjárukningunni í mars er því 342 m.kr.




Fjárfesting 150 m.kr.

- GeoSalmo hefur hafið uppbyggingu á landeldisstöð vestan Þorlákshafnar
- Félagið hefur tryggt sér nægjanlega raforku fyrir uppbyggingu á starfseminni
- Skipulagsstofnun, hefur sent frá sér álit til staðfestingar á umhverfismatsskýrslu fyrirtækisins. Álit stofnunarinnar staðfestir fyrirhugaðar aðgerðir GeoSalmo
- Félagið hefur unnið að öflun fjármagns fyrir fyrsta áfanga framkvæmda
- SKEL fjárfesti í félaginu í janúar 2024 fyrir 150 m.kr. á genginu 4 kr. á hlut.
- Í nýafstaðinni hlutfjárukningu félagsins var gengið 1 kr. á hlut og er því bókfært verð félagsins lækkað í 37,5 m.kr í samræmi við það



Fjárfesting 118 m.kr.

- Zen Educate býður veflausn sem uppfyllir skammtíma- og langtíma starfsmannaþarfir skóla og starfar með yfir 1000 skólum í Bretlandi og Bandaríkjunum
- Markmið félagsins er að breyta ráðningarferlum í menntakerfinu. Í gegnum heimasíðu Zen Educate hafa skólar aðgang að þúsundum kennara og stuðningsstarfsmanna sem þau geta bókað með því að smella á einn hnapp
- Kennarar fá hærri laun og störf sem henta þeim betur á sama tíma og skólar greiða minna fyrir ráðninguna en í gegnum ráðningarskrifstofur
- Félagið var stofnað árið 2017 af Slava Kremerman og Oren Cohen sem eru stjórnendur félagsins enn í dag
- SKEL fjárfesti fyrir 104 m.kr. í félaginu í maí 2024 og tók þátt í hlutfjárukningu í júní 2025 fyrir 14 m.kr.
- Rekstrarvirði félagsins er metið á um 25 ma.kr. og er eignarhlutur SKEL 0,64% og bókfært virði félagsins er því um 159 m.kr.



Fjárhagsupplýsingar

Efnahagsreikningur

Efnahagur 30.06.2025

M.kr.	30.06.25	31.12.24
Handbært fé	2.582	3.604
Ríkisskuldabréf	1.121	1.086
Skráð verðbréf	8.448	9.583
Fjárfestingafasteignir	9.836	10.929
Aðrar fjáreignir á gangvirði	31.736	32.822
Aðrar eignir	2.939	2.547
Eignir samtals	56.663	60.570
Eigið fé	37.202	43.728
Skuldir vegna fasteigna	6.549	7.397
Aðrar skuldir við lánastofnanir	5.605	4.888
Tekjuskattsskuldbinding	1.474	1.773
Ógreiddur arður	3.000	0
Aðrar skuldir	2.832	2.784
Skuldir samtals	19.460	16.842
Eigið fé og skuldir samtals	56.663	60.570

SKEL

Eigið fé og ógreiddur arður á hlut

21,4kr.

Eignir m.kr

13.729 Drangar	9.819 Styrkás		3.729 Kaldalón	
	3.703 Handbært fé og Ríkisskuldabréf	3.135 Lán, kröfur og aðrar eignir		2.880 Skagi
		3.418 Gallon	2.393 Stork	
9.836 Fasteignir				

Yfirlit eigna út frá verðmatsaðferð

Handbært fé og skráðar eignir

Handbært fé og ríkisskuldabréf	3.703
Kaldalón	3.729
Skagi	2.880
Aðrar eignir með þekkt markaðsverð	1.838

12.151 m.kr.

Byggt á nýlegum viðskiptum

Drangar	13.729
Styrkás	9.819
Baridi Iceland	2.181
Aðrar eignir	1.584


27.313 m.kr.

Fasteignir 9.836 m.kr.

Verðmat óskráðra eigna

Gallon	3.418
Stork	2.392
Lán, kröfur og aðrar eignir	1.552

7.362 m.kr.



Rekstur 1H 2025

Rekstrarreikningur 1.1. - 30.06.25

M.kr.	1H 2025	1H 2024
Gangvirðisbreyting fjáreigna og arður	10	84
Fjármunatekjur (-gjöld)	(422)	(213)
Rekstrartekjur fjárfestingafasteigna	97	121
Rekstrargjöld fjárfestingafasteigna	(37)	(18)
Afkoma af fjárfestingum	(352)	(26)
Aðrar tekjur	20	38
Laun og launatengd gjöld	(226)	(295)
Önnur rekstrargjöld	(131)	(137)
Rekstrargjöld og aðrar tekjur	(337)	(394)
Tap fyrir skatta	(689)	(420)
Tekjuskattur	130	106
Tap tímabilsins	(559)	(314)

Tap 1H 2025

559 m.kr.

1.133 m.kr.

Gangvirðisbreyting
óskráðra eigna

(1.664) m.kr.

Gangvirðisbreyting
skráðra verðbréfa

Breytingar á gangvirði

Yfirlit gangvirðisbreytinga	1H 2025
Baridi	1.650
Stork	140
Gallon	63
Drangar	(698)
Annað óskráð	(22)
Samtals óskráð	1.133
Kaldalón	(890)
Skagi	(510)
Annað skráð	(265)
Samtals skráð	(1.664)
Samtals	(531)

Arðgreiðslur 541

10 m.kr.
Samtals gangvirðisbreytingar
og mótttekinn arður

Forsendur gangvirðisbreytinga

Baridi

Á fyrri hluta ársins lauk hlutafjárukningu Baridi Iceland hf. sem er aðaleigandi tansaníska félagsins Baridi Group. Hlutafjárukningin nam um 900 m.kr. og er félagið metið á 6,8 ma.kr. Eignarhlutur SKEL er um 31,8%, bókfært á 2.181 m.kr., byggt á viðskiptaverði í hlutafjárukningunni.

Stork

Helsta eign Stork er 50% eignarhlutur í INNOvative sem á 100% eignarhlut í belgísku verslunarkeðjunni INNO. Verslunarkeðjan var keypt um mitt ár 2024. Rekstur félagsins hefur gengið samkvæmt áætlunum fyrstu 9 mánuði rekstrar ársins (október '24/september '25). Rekstrarvirði félagsins er metið um 6,3 ma.kr. samkvæmt verðmati fjármálastofnunar. Bókfært virði í bókum SKEL byggir á því verðmati og er 2.393 m.kr. að meðöldum hluthafalánum

Gallon

Rekstraráætlanir eru sambærilegar þeim sem stuðst var við í fyrri virðismötum og hefur rekstrarvirði félagsins lítið breyst á milli ára.


Drangar

Dranga samstæðan inniheldur Samkaup, Orkuna, Lyfjaval auk annarra smærri eigna. Félagið varð til við kaup Orkunnar á Samkaupum en áður hafði Samkaup sameinast Atlögu (áður Heimkaup). Bókfært virði félagsins byggir á viðskiptaverði samrunans og fer SKEL með 68,3% hlut í félaginu auk 1,8% hlutar í gegnum Eignarhaldsfélagið Bjarma. Samtals er bókfært virði 13.729 m.kr. Gangvirðisbreytingin er lækkun um 698 m.kr. en að teknu tilliti til arðgreiðslna er lækkunin 398 m.kr.

Greiðslur til hluthafa munu í árslok nema 8,6 ma.kr. frá 2022


Greiðslur til hluthafa

■ Endurkaup ■ Arðgreiðslur




- Arðgreiðsla ársins er greidd í tvennu lagi, helmingurinn 3 milljarðar voru greiddir 20. mars sl. og 3 milljarðar verða greiddir 20 október og er sú greiðsla færð sem skuld í hálfársuppgjöri.
- SKEL hefur tryggt sér fjármögnun upp á 2 milljarða til að standa straum af síðari greiðslunni. Jafnframt er félagið að vinna að sölu eigna sem geta skilað yfir 3 milljörðum á næstu misserum

Hluthafar 30.06.25



Eigið fé og markaðsvirði frá skráningu m.kr.



Framundan

Rekstrarumbætur og
hlutafjáráukning hjá
Dröngum

Unnið að frekari
verkefnum í N-Evrópu

Styrkás í vexti með
markvissum samrunum
í aðdraganda skráningar

Markaðri stefnu um
eflingu verslana INNO
framfylgt

Sölu íbúðareigna
verður áframhaldið

SKEL

Fyrirvari

SKEL fjárfestingafélag vekur athygli á því að kynningin er eingöngu hugsuð til upplýsingargjafar og skal móttaka hennar ekki vera talin fela í sér fjárfestingarráðgjöf. Þá má undir engum kringumstæðum skoða eða túlka kynninguna sem loforð um árangur í rekstri félagsins eða um ávöxtun fjármuna.

Upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem félagið telur áreiðanlegar á hverjum tíma og staðhæfingar sem finna má í kynningunni kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við kynningu. Staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar þessi kynning er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, fyrirbyggjandi upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissupátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði frábrugðinn því sem spáð er í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við breytingar á efnahagsumhverfi, fjárhagslega áhættu, mótaðilaáhættu og aukna samkeppni.

Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.

